



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

MOSFELLSBÆR

FRÆÐSLU og MENNINGARSVIÐ
2.mars, 2003

Efni: Umsögn Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002-3)

Í bréfi dagsettu 14. febrúar, 2003 óskar félagsmálanefnd Alþingis eftir umsögn fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar um ofangreint frumvarp.

Almennt talað koma engar athugasemdir um lagafrumvarpið í heild.

Hvað varðar þá þætti lagafrumvarpsins sem snúa að sérfræðipjónustu grunnskóla og ráðgjafar- og sálfræðipjónustu leikskóla vill undirritaður koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir í 3. gr. og 8. gr. að sérfræðipjónusta grunnskóla og ráðgjafar- og sálfræðipjónusta leikskóla komi að málefnum þeirra einstaklinga sem heyra undir lögin um Greiningarstöð, nánar tiltekið vegna frumgreiningar og eftirfylgdar. Þetta er í sjálfum sér faglega ákjósanlegt, þar sem þessi þjónusta er oft sú sérfræðipjónusta sem næst stendur daglegu starfi skólaskyldra barna. Hins vegar er einn hængur á: Lög um grunnskóla og leikskóla heimila ekki slík afskipti nema að hluta, þar sem slík afskipti ganga á skjön við tilgang þeirra greiningar og ráðgjafarstarfa sérfræðipjónustu skóla sem ætlast er til af löggjafa með lögum um grunnskóla og leikskóla. Þar var ekki gert ráð fyrir því að sérfræðipjónusta skóla gengi inn í verkefni sem gert er ráð fyrir að ríkið sinni undir málaflokknum málefni fatlaðra og málefni Greiningarstöðvar ríkisins. Svokölluð frumgreining samkvæmt skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins, getur verið heimfærð undir þá hluta laga og reglugerðar um leik- og grunnskóla, sem hér fylgja fyrir neðan, þar sem kveðið er á um greiningu í forvarnarskyni vegna barna í félagslegum og sálrænum erfiðleikum. Hér væri hins vegar æskilegt að notaður sé sami orðaforði og því þyrfti að gera breytingu á lögum um grunn- og leikskóla í samræmi við væntingar lagafrumvarps um Greiningarstöð, þar sem vænst er að skólaþjónusta frumgreini einstaklinga með þroskafrávik sem leiði til fötlunar.

Lög um leikskóla, nr. 78, 1994

15. gr. Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og hjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.

Reglugerð um leikskóla, nr. 225/1995

21. gr. (...) Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skulu vinna að forvarnarstarfi með athugunum og greiningu á börnum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum og koma með tillögur um úrbætur.

Leikskólastjóri og forsjáraðilar geta óskað eftir slíkri athugun. Á grundvelli greiningar vísar ráðgjafar- og sálfræðipjónusta á viðeigandi úrræði.

Lög um grunnskóla, nr. 66/1995.


42. gr. Öllum sveitarfélögum, er standa að rekstri grunnskóla, er skylt að sjá skólanum fyrir sérfræðipjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr., námsráðgjöf og sálfræðipjónustu.

43. gr. Sérfræðipjónustu skóla er ætlað að stuðla að því að kennslufræðileg og sálfræðileg þekking nýtist sem best í skólasterfi. Kennurum og skólastjórnendum skal standa til boða ráðgjöf og stuðningur sérfræðipjónustu vegna almenns skólastarfs og einnig vegna nýbreytni- og þróunarstarfa. Sérfræðipjónusta skal gefa forráðamönnum kost á leiðbeiningum um uppeldi nemenda eftir því sem aðstæður leyfa.

Þá skulu starfsmenn sérfræðipjónustu vinna að forvarnastarfi með athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum hafi þessir erfiðleikar áhrif á nám nemenda og gera tillögur um úrbætur.

Hvað varðar hugmyndir fyrirbyggjandi frumvarps um að sérfræðipjónusta grunnskóla og ráðgjafarþjónusta leikskóla sjái um eftirfylgd samkvæmt skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins, þá eru þau verkefni fyrir utan verksvið sérfræðipjónustunnar og verða ekki framkvæmanleg nema að undangengnum breytingum á lögum um grunn- og leikskóla (sjá ofangreindar laga- og reglugerðargreinar) og þeim ákvæðum laga og reglugerða, sem kveða á um verkaskiptingu og fjármálaleg samskipti milli ríkis og sveitarfélaga, þar sem verkið krefst fjármagns til að hægt sé að sinna því.

Virðingarfyllst,


Fræðslu- og menningarsvið
MOSFELLSBÆR

Björn Þráinn Þórðarson
forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs
Mosfellsbæ